

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 88/2020

frá 18. júní 2020

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/714 frá 28. maí 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/466 að því er varðar notkun á rafrænum gögnum við framkvæmd opinbers eftirlits og annarrar opinberrar starfsemi og gildistíma tímabundinna ráðstafana ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 11c (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2020/466) í hluta 1.1 í I. kafla og 31r (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2020/466) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32020 R 0714:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/714 frá 28. maí 2020 (Stjtið. ESB L 167, 29.5.2020, bls. 6).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 167, 29.5.2020, bls. 6.

2. gr.

Eftirfarandi er bætt við 170. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2020/466) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

,, breytt með:

- **32020 R 0714:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/714 frá 28. maí 2020 (Stjtið. ESB L 167, 29.5.2020, bls. 6).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2020/714, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. júní 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 18. júní 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.